

Fiskeldi Austfjarða hf.  
Pórður Þórðarson  
Nesbala 122  
170 Seltjarnarnes

Reykjavík, 6. nóvember 2014  
Tilvísun: 201311069 / 5.2

---

**Efni: Tillaga að matsáætlun vegna 13.000 tonna aukningar í eldi á laxi og regnbogasilungi í Berufirði og Fáskrúðsfirði. Ákvörðun um tillögu að matsáætlun.**

---

Í samræmi við 8. gr. laga nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum er hér kynnt ákvörðun Skipulagsstofnunar um tillögu að matsáætlun um allt að 13.000 tonna framleiðsluaukning (úr 11.000 tonn í 24.000 tonn) á laxi og regnbogasilungi í sjókvíum í Fáskrúðsfirði og Berufirði.

Fiskeldi Austfjarða hf. sendi Skipulagsstofnun erindi dags. 2. júlí 2014 ásamt tillögu að matsáætlun:

**Tillaga að matsáætlun vegna 13.000 tonna stækkunar á framleiðsluleyfi til eldis á laxi og regnbogasilungi í Berufirði og Fáskrúðsfirði.**

Skipulagsstofnun leitaði umsagnar um tillögu framkvæmdaraðila hjá eftirtöldum aðilum í samræmi við 8. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum: Djúpavogshrepp, Fjarðabyggð, Fiskistofu, Hafrannsóknastofnun, Matvælastofnun, Minjastofnun Íslands, Samgöngustofu, Umhverfisstofnun og Veiðimálastofnun. Skipulagsstofnun kynnti tillöguna einnig með fréttatilkynningu og á heimasíðu stofnunarinnar.

Skipulagsstofnun bárust umsagnir og athugasemdir frá eftirtöldum aðilum: Djúpavogshrepp með bréfi dags. 21. júlí 2014, Fjarðabyggð með bréfi dags. 28. júlí 2014, Fiskistofu með bréfi dags. 16. júlí 2014, Hafrannsóknastofnun með bréfi dags. 15. júlí 2014, Matvælastofnun með bréfi dags. 11. júlí 2014, Minjastofnun Íslands með bréfi dags. 21. ágúst 2014, Samgöngustofu með bréfi dags. 14. júlí 2014, Umhverfisstofnun með bréfi dags. 24. júlí 2014, Veiðimálastofnun með bréfi dags. 14. ágúst 2014. Skipulagsstofnun bárust einnig frekari upplýsingar frá framkvæmdaraðila í kjölfar umsagna með bréfum dags. 15. október 2014.

**NIÐURSTAÐA SKIPULAGSSTOFNUNAR**

Í samræmi við 8. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum hefur Skipulagsstofnun farið yfir framlagða tillögu Fiskeldi Austfjarða hf. að matsáætlun ásamt þeim umsögnum og athugasemdum sem borist hafa stofnuninni. Skipulagsstofnun fellst á tillögu framkvæmdaraðila að matsáætlun með þeim viðbótum sem Fiskeldi Austfjarða hf. setti fram í bréfum dags. 15. október 2014 og með eftirfarandi athugasemdum.

**Staðsetning fyrirhugaðs eldis**

Í köflum 3.1 og 3.7 kemur fram að eldið byggist á þremur aðskildum árgangsvæðum, tveimur í Berufirði og einu í Fáskrúðsfirði. Tekið er fram að hvíld hvers svæðis sé mikilvæg til þess að botndýralíf verði ekki fyrir langvarandi röskun og m.t.t. sjúkdóma. Í köflum 2.1 og 2.2 er fjallað um nánari staðsetningar eldisins og þar kemur fram að fyrirhugaðar eru einnig kvíar á vegum Laxar

Fiskeldis ehf. í innan við 5 km fjarlægð frá kvíum Fiskeldis Austfjarða hf. Ekki kemur fram hvort hvíldarlotur árgangsvæða Laxar Fiskeldis ehf. séu samstíga hvíldarlotum Fiskeldis Austfjarða hf.

Í frummatsskýrslu þarf að gera grein fyrir hvernig kynslóðaskiptu eldi og hvíld eldissvæða Fiskeldis Austfjarða hf. verður háttað með tilliti til annars fiskeldis í Berufirði og Fáskrúðsfirði og hvernig tryggja á samhæfða eldisferla óskyldra aðila í fjörðunum, til að lágmarka smithættu milli eldissvæða til framtíðar.

Skipulagsstofnun telur nauðsynlegt að gerð verði spá um mögulega dreifingu smits frá eldissvæðum í Berufirði og Fáskrúðsfirði sem hægt verði að nota til að bregðast markvisst við ef sjúkdómar eða lúsaplága koma upp í laxeldi í firðinum. Í frummatsskýrslu þarf að gera grein fyrir líklegri dreifingu smitsjúkdóma frá eldissvæðum Fiskeldis Austfjarða hf.

Í frummatsskýrslu þarf að gera grein fyrir skipulagi eldissvæða í fjörðunum (staðsetningar) sem miði að því að hverfandi hætta verði á að smit berist frá einu svæði til annars.

Í frummatsskýrslu þarf að rökstyðja ítarlega, með hliðsjón af smiti sjúkdóma og laxalúsar, á hvaða forsendum veita ætti undanþágu frá fjarlægðamörkum reglugerðar nr. 401/2012.

### **Grunnpættir sjávar**

Í kafla 2.3 er fjallað um grunnpætti sjávar. Vísað er til umsagnar Fiskistofu um hættu af marglyttu.

Í frummatsskýrslu þarf að gera grein fyrir niðurstöðum rannsókna vegna hættu af völdum marglyttu, bæði rekstrarlegri hættu vegna tjóns á eldisfiski og hættu á hún valdi því að lax sleppi úr kvíum, lifandi og dauður.

### **Áhrif á villta stofna laxfiska**

Í kafla 2.3 er fjallað um grunnpætti sjávar og b lið kafla 4.1.2 má skilja sem svo að ætlunin sé að gera grein fyrir mögulegum áhrifum af strokulaxi á erfðamengi laxastofna á Austurlandi. Í kafla 4 kemur fram að engar laxveiðiár séu í fjörðunum og „náttúrulegar“ laxveiðiár sé að finna fjarri eldissvæðum.

Veiðimálastofnun bendir á í umsögn sinni að einn stærsti þátturinn í umhverfisáhrifum laxeldis með norskum eldisstofnum sé á náttúrulega fiskstofna. Þar skipti megin máli að fjallað sé um og sýnt fram á hvernig laxi verði haldið í kvíum og að aðrar afleiðingar svo sem vegna laxalúsar, erfðablöndunar og annarra áhrifa frá fiskeldi hafi ekki áhrif á náttúrulega fiskstofna. Þótt fiskeldi í sjókvíum sé lítið hér við land hafi borið á slysasleppingum og að fiskar, bæði lax og regnbogasilungur hafi gengið í ár. Í einhverjum tilfellum langt fjarri þeim stöðum sem eldið er stundað á. Út frá þeirri þekkingu sem fyrir liggur, af áhrifum fiskeldis á villta stofna laxa og silunga, verði ekki annað séð en að fiskeldi geti haft umtalsverð neikvæð umhverfisáhrif miðað við stöðu þekkingar og umfang starfseminnar. Æskilegt sé að í umfjöllun um áhrif fiskeldis í frummatsskýrslu verði fjallað um áhrif af innfluttum stofnum sem sleppa úr eldi í ljósi reynslu hvað það varðar hér á landi og annarsstaðar þar sem fiskeldi í sjókvíum er stundað. Sú umfjöllun verði gerð í ljósi markmiða fyrirbyggjandi stefnumörkunar stjórnvalda eins og þau koma fram í gildandi lögum og reglugerðum. Hafa þurfi í huga að áhrif geta komið fram á löngum tíma og verið fjarri þeim stað sem eldi er stundað á.

Í svari Fiskeldis Austfjarða hf. kemur fram að ekki sé fyrirhugað að gera grein fyrir öryggisþáttum um búnað og hvernig fyrirhugað er að varna því að fiskur sleppi úr eldiskvíum. Í frummatsskýrslu verði hins vegar lýst og fjallað um hvernig fyrirhugað sé að haga framkvæmdinni með það að markmiði að lágmarka alla röskun á vistkerfi og lífríki fjarðanna. Lýst verði hvernig fyrirhugað sé að nýta firðina sem aðskilin sjúkdómasvæði og gerð grein fyrir sjúkdómahættu og mótvægisáðgerðum ef upp koma vandamál vegna sjúkdóma eða sníkjudýra. Líkur á að eldislax sem sleppi hafi neikvæð áhrif á erfðamengi náttúrulegra laxastofna í ám séu í algjöru lágmarki vegna fjarlægðar. Vegna nálægðar við Breiðdalsá, sem sé með uppræktaðan laxastofn, muni fara fram áhættumat vegna mögulegra áhrifa á stangveiðihagsmuni.

Skipulagsstofnun bendir á að í tilfelli laxeldis í sjó, þar sem notaður er eldisstofn af norskum uppruna, hefur umfjöllun um möguleg neikvæð áhrif eldisins á erfðæfni náttúrulegra fiskistofna verið veigamikill þáttur við mat á umhverfisáhrifum slíkra framkvæmda. Einnig vaknar þessi umræða í kjölfar fréttu um að lax hafi sloppið úr eldi, eins og nýlegt dæmi um veiðar á eldislaxi í Patreksfirði ber með sér. Skipulagsstofnun er ljóst að frá Fáskrúðsfirði og Berufriði er langt í næstu laxveiðiár með umtalsverðum veiðihlunnindum, en stutt er þó í Breiðdalsá þar sem til staðar eru veiðihagsmunir. Í ljósi þess að lax hefur sloppið nýlega úr kvíum Fjarðalax og deilt er um áhrif laxeldis í sjó á erfðir villtra stofna telur Skipulagsstofnun að leggja mat á áhrif mögulegra sleppinga úr eldi Fiskeldis Austfjarða hf. á villta stofna laxfiska, svo sem erfðir og búsvæði þeirra. Í því mati þarf að koma fram hversu langt er í næstu veiðiár, sýna það á korti og leggja fram rökstutt mat á líkum þess að sleppifiskur frá fyrirhuguðu eldi geti haft áhrif á fiskistofna í nálægum ám.

Í frummatsskýrslu þarf að fjalla um ofangreind atriði í ljósi nýliðinna atburða í rekstri Fjarðalax og á grundvelli fyrirliggjandi upplýsinga um laxfiska í ám er liggja til Fáskrúðsfjarðar og Berufjarðar auk Breiðdalsvíkur. Umfjöllunin verði gerð í ljósi markmiða fyrirliggjandi stefnumörkunar stjórnvalda eins og þau koma fram í gildandi lögum og reglugerðum, eins og rakið er í umsögn Veiðimálastofnunar.

Í frummatsskýrslu þarf að gera grein fyrir öryggisþáttum er varða búnað og hvernig fyrirhugað er að varna því að fiskur sleppi úr eldiskvíum, þannig að umsagnaraðilum sé ljóst í hverju þeir þættir felast og hvaða viðmið eru í forsendum, svo sem straumar, vindar og marglytta.

#### **Fóður**

Í kafla 3.4 er fjallað um fóðurnotkun vegna eldisins. Fram kemur að áætlað sé að fóðurstuðull verði 1,15. Í frummatsskýrslu þarf að gera grein fyrir reynslu af starfsemi Fiskeldis Austfjarða hf. fram til þessa og hver fóðurstuðullinn er í raun.

#### **Burðarþol og samlegðaráhrif**

Í köflum 4, 4.1 og 4.1.1 kemur fram að ekki liggi fyrir viðtakamat í fjörðunum en að unnið verði að gerð burðarþolsmats á grundvelli reiknilíkansins Ancylus FjordEnv 4.0 en ekki er sérstaklega tekið fram að gerð verði grein fyrir niðurstöðum þess í frummatsskýrslu.

Skipulagsstofnun bendir á að í nýjum lögum um breytingu á ýmsum lagaákvæðum sem tengjast fiskeldi (nr. 49/2014) er ætlað að auka öryggi í fiskeldi og stuðla að ásættanlegri stöðu umhverfisáhrifa frá eldinu. Skilyrði um að leyfisumsókn fylgi mat á burðarþoli, sem framkvæmt hefur verið af Hafrannsóknastofnun eða öðrum aðila sem ráðuneytið samþykkir, gerir meiri kröfur en áður til rekstrarleyfishafa um upplýsingar varðandi þau áhrif sem eldið hafi á lífríkið (sbr. athugasemdir við stjórnarfrumvarpið, III. Meginefni frumvarpsins, 2. liður). Skilgreining laganna á burðarþoli er eftirfarandi:

*Mat á þoli fjarða eða afmarkaðra hafsvæða til að taka á móti auknu lífrænu álagi án þess að það hafi óæskileg áhrif á lífríkið og þannig að viðkomandi vatnshlot uppfylli umhverfismarkmið sem sett eru fyrir það samkvæmt lögum nr. 36/2011, um stjórn vatnamála. Hluti burðarþolsmats er að meta óæskileg staðbundin áhrif af eldisstarfsemi.*

Skipulagsstofnun bendir á að markmið laga um mat á umhverfisáhrifum er að tryggja að áður en leyfi er veitt fyrir framkvæmd sem kann að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif hafi farið fram mat á umhverfisáhrifum viðkomandi framkvæmdar. Þegar sótt er um leyfi fyrir slíkri framkvæmd í fiskeldi skal fylgja afrit af áliti Skipulagsstofnunar um mat á umhverfisáhrifum framkvæmdarinnar og er það ein forsenda leyfisveitingarinnar. Því er rétt og eðlilegt að málsmeðferð samkvæmt lögum um mat á umhverfisáhrifum leiði í ljós hvaða áhrif viðkomandi eldi hafi á lífríki og hvort viðkomandi vatnshlot uppfylli umhverfismarkmið samkvæmt lögum um stjórn vatnamála. Skipulagsstofnun bendir einnig á að samkvæmt 8. gr. laga nr. 49/2014, sem breytir 10. gr. laga nr. 71/2008 um fiskeldi, skal Matvælastofnun hafna umsókn ef umsækjandi leggur ekki fram þau gögn sem kveðið er á um í 8. gr., enda hafi umsækjanda verið gefinn hæfilegur frestur til að leggja fram þau gögn sem vantar. Þau gögn sem hér um ræðir eru m.a. umrætt burðarþolsmat.

Skipulagsstofnun lítur svo á að burðarþolsmat, sem Fiskeldi Austfjarða hf. boðar, verði lagt til grundvallar mati á umhverfisáhrifum alls eldis fyrirtækisins í Berufirði og Fáskrúðsfirði (24.000 tonn) og greint frá niðurstöðum þess í frummatsskýrslu, enda verður álit Skipulagsstofnunar og burðarþolsmat m.a. forsenda þess að leyfi verði veitt fyrir því að aukin framleiðsla hefjist. Ef ætlunin er að leggja fram burðarþolsmat sem framkvæmt er af öðrum aðila en Hafrannsóknastofnun þarf það að vera gert með samþykki ráðuneytisins að fenginni bindandi umsögn Hafrannsóknastofnunar, sbr. 6. gr. laga nr. 49/2014. Í frummatsskýrslu þarf að gera grein fyrir niðurstöðum burðarþolsmatsins sem geri jafnframt ráð fyrir samlegð með öðru eldi sem hefur verið leyft eða er fyrirhugað og annarri mengandi starfsemi í fjörðunum.

### **Skipulagsmál**

Í kafla 2.4.2 kemur fram að í sunnanverðum Berufirði verði eldissvæði innan 115 m frá stórstraumsfjöru og sé það í samræmi við skipulagsáætlun sveitarfélagsins. Í frummatsskýrslu þarf að gera grein fyrir samræmi framkvæmdarinnar við Aðalskipulag Djúpavogshrepps 2008-2020, framkvæmdin kann að vera deiliskipulags skyld ef umfjöllun í aðalskipulagi er ekki nægileg til þess að unnt sé að veita framkvæmdaleyfi á grundvelli hennar.

### **Annað**

Vísað er til umsagnar Umhverfisstofnunar og bent á að í frummatsskýrslu þarf að koma fram hvort fyrirhugað sé að nota efni er innihalda kopar við hreinsun á kvíum.

Samkvæmt 3. mgr. 14. gr. laga nr. 106/2000 má framkvæmdaraðili kæra ákvörðun Skipulagsstofnunar til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála. Kærufrestur er til **8. desember 2014**.

Rut Kristinsdóttir

Póroddur F. Þóroddsson

Fylgiskjöl: Afrit umsagna.

Afrit Djúpavogshreppur, Fjarðabyggð, Fiskistofa, Hafrannsóknastofnun, Matvælastofnun, Minjastofnun Íslands, Samgöngustofa, Umhverfisstofnun, Veiðimálastofnun.